



FRÉTTABRÉF UMSE

1. tbl. 21. árgangur 2006



Formanspistill

Heilir og sælir Eyfirdingar góðir.

Þar sem þetta er fyrsta fréttabréf ársins er við hæfi að óska fólki gleðilegs árs og þakka fyrir það síðasta þó svo að nú sé langt liðið á þorralblótsvertíðina. Mig langar í stuttu máli að fjalla um starfsemi ungmennasambandsins og það helsta sem henni við kemur. Starfsemi síðasta árs var með hefðbundnu sniði hjá okkur, þó ber að geta þess að aðal frjálsíþróttamótið okkar Aldursflokkamótið féll niður síðasta sumar vegna þrálátra rigninga og bleytu á íþróttavelli Dalvíkur. Að öðru leyti reyndum við að sinna málefnum sambandsins af bestu getu. Það er hinsvegar alveg ljóst að það eru misjafnar skoðanir á því hjá fólki hvernig starfsemi sambandsins er hverju sinni og hvort það fólk sem kjörið er til forystu og treyst til að axla þá ábyrð er að standa sig í því hlutverki. Það er nefnilega svo auðvelt að gagnrýna ýmsa hluti og sjá hvernig þeir eiga að vera þegar maður þarf ekkert að koma nálægt þeim sjálfur eða bera ábyrð á því að þeir séu í lagi. Samskipti mín við það fólk sem á einhvern hátt hefur komið að málefnum sambandsins held ég að hafi verið í ágætu lagi og hefur mér alltaf reynst heldur auðvelt að fá fólk til starfa að málefnum þess þegar það hefur þurft. Það finnst mér í raun sýna hug hins almenna félaga til starfseminnar og ber að þakka það. Hins vegar spyr maður sig oft þeirrar spurningar hversu mikilvægt það sé fyrir samfélagið hér við Eyjafjörð að hér séu rekin öflug íþrótt- og ungmennafélög. Svárið er alltaf hið sama. Það hlýtur að vera mikilvægt og þá ekki síst að starfsemin sé öflug yfir sumartímann þegar skólinn er í sumarfrí og börn og unglingar hafa að litlu að hverfa sér til afþreyingar annað en að hanga við tölvu í allskonar leikjum sem reynast vera misjafnlega uppbyggilegir og þroskandi. Ég hef hinsvegar lengi haft áhuga á því að tengja starfsemi okkar með einhverjum hætti við grunnskólana hér á svæðinu og tel að það kæmi báðum aðilum vel. Með hvaða hætti er svo annað mál, en hlýtur samt alltaf að tengjast íþrótt og félagsmálasviðinu sem eru yfirleitt aðal viðfangsefni okkar.

Nú er að störfum nefnd á vegum ÍSÍ sem fjallar um hugsanlega stækkun eða sameiningu íþróttabandalaga og ungmennasambanda. Það liggur alveg ljóst fyrir að hér við Eyjafjörð eru öll ytri skilyrði til sameiningar. Þau mál hafa hinsvegar ekki verið rædd ennþá milli forsvarsmanna þeirra félaga sem í hlut eiga. Stjórn UMSE hefur tekið þá afstöðu að það beri að skoða þessi mál með jákvæðu hugarfari og munu þau verða rædd á ársþingi nú seinna í vetur. Það finnst eflaust mörgum að það sé að bera í bakkafullann lækinn að fara að tala um sameiningar hér við Eyjafjörð í kjölfar sameiningarkosninga sveitarfélaga

nú í haust. Það er hinsvegar skoðun mín að það hefði komið ungmenna og íþróttafélagsshreyfingunni í heild til góða ef okkur hefði borið gæfa til að sameina Eyjafjörðinn í eitt sveitarfélag og standa þannig sameiginlega að uppbyggingu íþróttamannvirkja á svæðinu. Eins og staðan er í dag stöndum við í dreifbýlinu yfirleitt mjög höllum fæti hvað varðar sambærilega aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Unglingalandsmót verður haldið að Laugum í Reykjadal um verzlunarmannahelgina næsta sumar. Það mun hafa þá sérstöðu frá því sem áður hefur verið að það verður ekki haldið í þéttbýli eins og áður hefur tíðkast enda ætla Þingeyingar að halda mótið undir kjörorðinu „Landsmót í sveit“. Það er von mín að við Eyfirðingar fjölmennum á Lauga því það er stutt að fara og ætti þess vegna að geta hentað öllum. Einnig er það vitað að Þingeyingar eru flestum öðrum gestrisnari og munu koma til með að halda glæsilegt landsmót. Unglingalandsmótin hafa undanfarin ár verið ein helsta skrautfjöldur í hatti Ungmennafélagsshreyfingarinnar og þau viðurkend sem gott forvarnarstarf enda hefur ríkisvaldið komið allmyndarlega að stuðningi við uppbyggingu íþróttamannvirkja á viðkomandi stöðum. Við getum því litið stoltir um öxl Eyfirðingar og minnst þess að það vorum einmitt við sem ýttum þessu góða verkefni úr vör og héldum fyrsta unglingalandsmótið á Dalvík árið 1992.

Ungmennafélag Íslands er að vinna að ýmsum málefnum sem beint er fyrst og fremst að unglíngum og ungu fólki. Langar mig þar að nefna tvö atriði. Skólabúðir að Laugum í Dalasýslu eru ætlaðar fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla. Þessu verkefni hefur verið mjög vel tekið og væri gaman ef grunnskólarnir hér á svæðinu sæju sér fært að senda sína nemendur. Grunnskólinn á Dalvík hefur sent nemendur á Lauga og veit ég ekki betur en það hafi líkað vel. Hitt verkefnið er ýmiskonar erlend samskipti fyrir ungt fólk frá 16 ára aldri. Það er samdóma álit allra sem tekið hafa þátt í þessum verkefnum að þau hafi heppnast mjög vel og þeir einstaklingar sem tekið hafa þátt í þeim hafi haft gaman af. Það er líka skoðun mín og víska að þeir einstaklingar sem taka þátt í svona verkefnum eru líklegri til að taka þátt í ýmsum verkefnum er tengjast hreyfingunni og ýmsum öðrum félagsmálum seinna meir á lífsleiðinni.

Ég hef víst farið út um víðan völl í þessu spjalli mínu og ekki endilega fjallað um alla þá hluti sem hugur stemdi til í upphafi, held því að best sé að ljúka því. Ef einhverjir hafa nennt að lesa þessar línur vona ég að þær hafi vakið einhverja til umhugsunar um það hvort ekki sé eitthvað sem hér hefur komið fram sem mætti skoða og gæti ef til vill hentað einhverjum. Einnig vona ég að það ár sem nú er nýlega hafið verði okkur öllum happadrygt bæði í leik og starfi.

Íslandi allt.

Árni Arnsteinsson, formaður UMSE

Nú standa fyrir dyrum aðalfundir flestra eða allra félaga okkar hér á sambandssvæðinu. Það hefur verið skoðun mín að æskilegt sé að stjórn UMSE viti af aðalfundum aðildarfélaga sinna þannig að hún hafi möguleika á að senda fulltrúa sinn á þá. Óskum við eftir því að við verðum látin vita af þeim svo að við getum sent fulltrúa okkar á aðalfundina ykkar.

Búningamál

Ákveðið hefur verið að panta keppnisbúninga fyrir frjálsíþróttafólk. Þeir sem hafa hug á að eignast slíka búninga eru beðnir að hafa samband við Árna fyrir 1. mars. Vitað er að eitt félag að minsta kosti ætlar að kaupa búninga til að eiga handa sínum félögum. Þetta gæti verið góður kostur þar sem börn og unglingar vaxa yfirleitt hratt uppúr búningunum sínum. Best er að pöntunum verði safnað saman heima í félögunum og komið til okkar á einu bretti.

Fræðslumál

Ungmennafélag Íslands rekur öflug námskeið á sviði félagsmála. Nú stendur fyrir dyrum þriggja daga námskeið á vegum leiðtogaskóla UMFÍ. Námskeiðið verður haldið dagana 3.-5. mars næstkomandi að Laugum í Dalasýslu og kostar 35.000 kr, innifalið í því er námskeiðið, gisting og fæði. Meðal efnis er t.d. fundarstjórn, framkomuþjálfun, hópstarf, samskipti við fjölmiðla og fl. Umsóknarfrestur á námskeiðið er til 20 febrúar. Nú þegar hafa þrír félagar frá okkur ákveðið að fara á námskeiðið og ef einhverjir fleiri hafa áhuga eru þeir beðnir að hafa samband hið fyrsta. UMSE hefur ákveðið að styrkja þá sem fara og er þess vænst að félögin geri slíkt hið sama fyrir sína félagsmenn. Nánari upplýsingar á heimasíðu UMFÍ, www.umfi.is.

Ársþing UMSE

Ákveðið er að halda ársþing UMSE 18. mars næstkomandi. Áætlaður þingstaður er Þelamerkurskóli og verður þingið því haldið í umsjá UMF Smárans. Öll gögn frá félögum, það er skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins, reikningar þess og félagatal þurfa að hafa borist til okkar fyrir 1. mars. Tillögur sem bera á upp á ársþingi þurfa að hafa borist fyrir sama tíma. Ég vona að félögin sjái sér fært að senda fulltrúa á þingið því það er mjög mikilsvert að svo sé svo þær ákvarðanir sem þar eru teknar endurspegli vilja allra félaga.

Starfsmannamál

Eins og kunnugt er hefur Hildur Aðalsteinsdóttir, sem verið hefur framkvæmdastjóri UMSE um langt árabíll, látið af störfum. Hildur hóf störf hjá UMSE árið 1994 og hefur því starfað hjá okkur á tólfta ár. Um leið og við óskum henni velfarnaðar í nýju starfi viljum við þakka henni fyrir störf hennar fyrir ungmenna- og íþróttafélagshreyfinguna hér í Eyjafirði. Ekki hefur verið ráðinn starfsmaður að sambandinu að sinni og því mun skrifstofan ekki vera opin með reglubundnum hætti meðan svo er. Stjórnin og starfandi nefndir munu reyna að sjá um málefni sambandsins meðan ekki verður breyting á og leysa þau mál er upp munu koma. Þeir sem þurfa eru beðnir að hafa samband við Árna í síma: 4626783/8667501 netfang: dynhagi@isl.is. Einnig verður reglulega kannaður póstur sem sendur er á netfang sambandsins: umse@bugardur.is.

Rétt er að geta þess að við höfum fært skrifstofuna okkar og er hún komin í vesturendann á húsinu.

Útgefandi Ungmennasamband Eyjafjarðar, Óseyri 2, 603 Akureyri.

Veffang: www.umse.is

Tölvupóstur: umse@bugardur.is

Ábyrgðarmenn: Starri Heiðmarsson/Árni Arnsteinsson

